

Greinargerð

Víkurskóli, 19.06.2025



Innra mat skólans

Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir innra mati Víkurskóla. Sett er fram matsáætlun sem sýnir viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt nánari lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Unnið er með umbótaþætti áfram í umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), menntastefnu [Reykjavíkurborgar](#), Skólapólssi, Viðhorfsskönnun Reykjavíkurborgar, Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar og líðankönnun sem Víkurskóli leggur fyrir tvisvar á ári. Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en fagmennsku skólans leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagmennskuteymi Víkurskóla eru Þuríður Óttarsdóttir, Vala Nönn Gautsdóttir, Fiona Elizabeth Oliver, Renate Brunovska, Guðrún Lára Baldursdóttir, Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Svava Margrét Ingvarsdóttir og Kristín Halla Þórisdóttir og teymið fundar eftir þörfum en þó ekki sjaldnar er sex sinnum á ári.

Víkurskóli notar vefkerfið BRAVOLesson til að halda utan um innra matið.

Innra mat – Matsáætlun

Matsáætlun um innra mat

Skólinn vinnur matsáætlun fyrir innra matið þar sem sést hvenær helstu þættir eru metnir og hvernig (sjá áætlun hér fyrir neðan) en nákvæm verkáætlun fyrir skólaárið er unnin í BRAVOLesson.

Gæðaviðmið um skólastarf

Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með fagmennskuteymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Matsfundir með kennurum og/eða öllu starfsfólki fara fram tvisvar sinnum á ári.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Ákveðnir kaflar í gæðaviðmiðunum eru einungis metnir af fagmennsku/þróunarteymi skólans.

Námsárangur nemenda

Niðurstöður námsmats eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og hópa/bekkja jafnóðum en í innra mati er námsárangur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati er lesfímipróf, sem eru greind og metin út frá útgefnum viðmiðum prófanna og matsferil (þegar hann verður tilbúin).

Stuðst er við aðferðir leiðsagnarnáms þar sem sett eru árangursviðmið við hvert hæfniviðmið sem er metið og fært inn í hæfnikort í Mentor. Fundir eru með nemendum og foreldrum þar sem nemendur kynna hæfnikort sitt fyrir foreldrum að vori í 8. og 9. bekk og gefið er lokamat í 10. bekk.

Í stærðfræði í hugsandi kennslurými eru lagðar fyrir kunnáttukannanir í hverri viku sem nýttu eru til að meta stöðu nemenda og til þess að gefa þeim tækifæri á að bæta sig.

Viðhorf og líðan

Viðhorfsskannanir Skólapólssins eru lagðar fyrir nemendur í öllum bekkjum fimm sinnum á skólaári. Þeir þættir sem eru marktækt yfir meðaltali eru taldir með styrkleikum skólans en þeir þættir sem eru marktækt undir meðaltali fara í umbótaferli ef niðurstöður eru í samræmi við Líðankönnun sem Víkurskóli hefur lagt fyrir nemendur tvisvar á ári síðastliðin 5 ár. Einnig er skoðað hvernig niðurstöður skólans þróast yfir tíma og gripið til aðgerða ef þurfa þykir. Opin svör eru flokkuð og greind og sett í styrkleika eða umbætur eftir því sem við á.

Menntastefna og stefna skólans

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áhersluþáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með fagmennskuteymi skólans. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og sjá framþróun menntastefnunnar.

Félagsfærni

Í Víkurskóla er nám byggt á samþættingu og samstarfi í svokölluðum Uglum sem eru samþættingarverkefni þar sem lögð er áhersla virka þátttöku nemenda, unnið er með réttlætiskennd og leiðtogahæfni er efld. Nemendur taka þátt í skipulagi í félagsmiðstöðinni og nemendur eru í viðburðastjórn sem skipuleggur ýmsa viðburði á skólatíma. Ár hvert er haldið skólaþing þar sem nemendur fá tækifæri á að ræða ýmis málefni sem snertir þá.

Sjálfsæfing - Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu

Í Víkurskóla er stuðst við aðferðir leiðsagnarnáms þar sem nemandinn er hvattur áfram til að nýta styrkleika síns og þeir studdir áfram í að vinna þar sem skóinn kreppir. Nemendur gera bæði jafningjamat og sjálfsmat og vaxandi hugarfar er allsráðandi í öllu námumhverfi.

Læsi

Í samþættingarverkefnum er lögð gríðarleg áhersla á margskonar læsi á ólíka miðla og á umhverfið. Menningalæsi ef mikið eftl í skólanum og lögð áhersla á listuppeldi með heimsóknum og beinni þátttöku í listviðburðum. Lögð eru fyrir lesfímipróf þrisvar á ári og þeim fylgt eftir með lestrarátökum til að efla lesskilning og lesfími. Læsi á umhverfi er þjálfuð í öllum greinum og leitast við að efla málumhverfi unglinganna í öll umhverfi. Þjálfun í þekkingaröflun og heimildavinnu er stór partur af náminu í uglum.

Sköpun - Skapandi hugur og hönd

Víkurskóli er nýsköpunarskóli þar sem við styðjum við hönnunarferli í flestum greinum. Lögð er áhersla á skapandi skil í öllum greinum og að nemendur geti hannað og skapað sína eigin uppfinningu á ólíkum sviðum. Lögð er áhersla á að nemendur í þjálfist í því að njóta listburða og heimsækja listviðburði, m.a. með þátttöku í samstarfverkefnum við Listasafn Reykjavíkur þar nemendur eru sýningarstjórar og setja upp verk og hann sína eigin sýningu.

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
1.1 Samvikni í stefnumótun	X				
1.2 Faglegt samstarf og samræða					
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu					
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	X				
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir					
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting					
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks					

Nám og kennsla	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
2.1 Inntak og námskrá					
2.2 Árangur náms					
2.3 Gæði kennslu	X				
2.4 Skipulag náms	X				
2.5 Námsvitund					
2.6 Ábyrgð og þátttaka					

Innra mat	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
3.1 Skipulag					
3.2 Framkvæmd					
3.3 Umbætur					

Námsárangur nemenda	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Lesferill	X				
Matsferill					

Viðhorf og líðan	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Skólapúlsinn 2.-5. bekkur					
Skólapúlsinn 6.-10. bekkur	X				
Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun					
Skólapúlsinn - Foreldrakönnun					

Menntastefna og stefna skólans	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Félagsfærni					
Heilbrigði					
Læsi					
Sjálfsefling					
Sköpun					

Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Eftirfarandi kaflar í [gæðaviðmiðum grunnskóla](#) voru metnir í Víkurskóla 2023-2025.

- 1.2 Faglegt samstarf og samræða
- 2.1 Inntak og námskrár
- 2.2 Árangur náms

- 2.4 Skipulag náms
- 2.5 Námsvitund
- 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Í hverjum kafla eru nokkrar vísbendingar sem skólinn metur sem styrkleika sem og viðmið sem metin eru sem tækifæri til umbóta. Gert er grein fyrir styrkleikum og tækifærum til umbóta í niðurstöðum hér fyrir neðan.

Niðurstöður

Styrkleikar

Eftirfarandi viðmið voru metin sem styrkleiki skólans.

1.2. Faglegt samstarf og samræða

- 1. Stjórnendur stuðla að öflugri skólaþróun með fjölbreyttum verkefnum þar sem skólastjórnendur, kennarar, starfsfólk, annað fagfólk og/eða nemendur eru virkir þátttakendur í samræmi við áherslur í menntastefnu til 2030.
- 2. Stjórnendur hafa forystu um sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans.
- 3. Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal starfsmanna.

2.2. Árangur náms

- 1. Fyrir liggur stefna um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda.
- 2. Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemanda og nemendahópa og hann skráður.
- 4. Niðurstöður sem fást með fjölbreyttu mati á læsi eru markvisst nýttar til að auka framfarir nemenda.
- 8. Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína hvað varðar lesfimi nemenda út frá niðurstöðum lesfimiþrófs og matsramma fyrir lesfimi sem gefin er út af MMS.
- 10. Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína í samskiptum og líðan nemenda, þ.m.t. einelti.
- 11. Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- 12. Gerð er grein fyrir viðmiðunum um námsmat út frá þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar í kennsluáætlunum.

2.4. Skipulag náms

- 3. Teymiskennsla er markvisst nýtt til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.
- 4. Samþætt og heildstæð verkefni eru reglulegur þáttur í námi nemenda.
- 5. Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu.
- 6. Fjölbreytileiki er virtur og mismunandi hæfileikum nemenda og einkennum haldið á lofti.
- 7. Séð er til þess að nám og námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda.
- 8. Stuðlað er að fjölbreytni í list- og verkgreinum og vægið er jafnt þeirra á milli samkvæmt aðalnámskrá.
- 9. Samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað og notað í námi og kennslu.
- 10. Umsjónarkennari veitir nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- 11. Formleg leiðbeinandi samtöl fara fram á milli kennara og nemenda um nám og námsframvindu nemandans.
- 12. Í skólanum sést að nemendur nýta námsumhverfi á fjölbreyttan hátt til sjálfsstæðs náms eða samvinnu í námi.
- 14. Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum og vönduðum námsgögnum og nýta þau.
- 15. Nemendur læra að afla upplýsinga, vega þær og meta og vinna með þær á gagnrýnninn og ábyrgan hátt.
- 16. Verk nemenda eru sýnileg og eru hluti af menningu grunnskólans.

2.6. Ábyrgð og þátttaka

- 3. Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólastarfs.
- 4. Til er skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað.
- 6. Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.
- 7. Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs.
- 8. Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.

Tækifæri til umbóta

Eftirfarandi viðmið voru metin sem tækifæri til umbóta.

1.2. Faglegt samstarf og samræða

- 7. Stjórnendur fylgjast með og sjá um að niðurstöður innra og ytra gæðamats séu skráðar og nýttar til að efla starf skólans og stöðu nemenda.

2.4. Skipulag náms

- 13. Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi.

2.6. Ábyrgð og þátttaka

- 10. Nemendur fá reglulega tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fundum í námshópum.
- 11. Náms hópar funda reglulega undir stjórn kennara með skipulögðum og vel undirbúnum hætti.

Nánari útfærslu á þeim þáttum sem metnir voru sem tækifæri til umbóta má sjá í umbótaáætlun Víkurskóla (kaflí 9).

Námsárangur nemenda

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-15 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Það sem er metið í Skólapúlsinum er:

Virkni nemenda

- Ánægja af lestri
- Áhugi og ánægja af stærðfræði
- Áhugi og ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin námsgetu
- Trú á eigin vinnubrögð í námi
- Þrautseigja í námi

Líðan og heilsa

- Sjálfsálit
- Stjórn á eigin lífi
- Vellíðan
- Tíðni eineltis
- Tegund eineltis
- Staðir eineltis
- Mataráskrift

Skólastarf og bekkjarandi

- Samsömun við nemendahópinn
- Samband nemenda við kennara
- Agi í tímum
- Virk þátttaka í tímum
- Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)
- Snjallsímanotkun á skólatíma

Einnig er lögð fyrir Líðan/viðhorfskönnun Víkurskóla tvisvar ár ári. Þar er skoðað líðan, viðhorf til matar sem boðið er upp á, traust til starfsmanna, eftirfylgni reglna, vinnufriður, liðan í kennslustundum og frímínútum, viðhorf til náms og einstakra námsgreina.

Niðurstöður

Styrkleikar

Nemendum líður vel í skólanum, kennslustundum og frímínútum, nemendur eiga vini í skólanum, þeim finnst maturinn góður, þeir hafa trú á eigin getu, og einelti er lítið, nemendur upplifa að þeir fari eftir reglulm sem eru í skólanum, m.a. símareglu.

Niðurstöður um líðan nemenda ber ekki saman úr Skólapúsli og Líðankönnun Víkurskóla - er það metið að líðan nemenda utan skóla sé undir viðmiði samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins þar sem nemendur telja upp tilfinningar sem komið hafi upp á ákveðnum degi s.s. kvíði, depurð, gleði og svo framvegis.

Tækifæri til umbóta

Nemendur upplifa að þeir viti ekki hvert skuli leita ef eitthvað kemur upp á. Samband nemenda við kennara er undir viðmiðum.

Í skólapúlsinum er áhugi á náttúrufræði og stærðfræði ekki nægur en miðaða við Líðankönnun Víkurskóla eru 50% nemenda sem finnst þeim ganga alltaf eða oftast vel í náttúrufræði og 60% nemenda finnst þeim ganga alltaf eða oftast vel í stærðfræði.

Tíðni leiðsagnarmats er undir viðmiði en orðið leiðsagarmat er nemendum í Víkurskóla ekki tamt, þar er notað orðið leiðsagnarnám.

Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Tilgangur og markmið könnunarinnar er að greina styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi og stjórnun vinnustaða. Er henni ætlað að skapa forsendur til að bæta starfsumhverfi innan borgarinnar með því að draga upp heildarmynd af starfsumhverfi og starfsánægju innan þeirra (t.a.m. stjórnun, skipulagi, samskiptum og aðbúnaði). Þá er markmiðið að veita stjórnendum samanburð við aðra vinnustaði til að gera þeim enn frekar kleift að bæta markvisst stjórnun og starfsumhverfi. Könnunin er gerð í tengslum við val á Stofnun ársins sem er verkefni á vegum Sameykis stéttarfélags og Reykjavíkurborg er þátttakandi í.

Framkvæmd könnunarinnar og vinna er alfarið í höndum Gallup sem hefur framkvæmt könnunina frá upphafi og meðfylgjandi er fræðslubréf til starfsfólks um vinnslu persónuupplýsinga hjá Reykjavíkurborg vegna könnunar á starfsumhverfi starfsfólks borgarinnar.

Þættir sem metnir voru:

Stjórnun

Starfsandi

Launakjör

Vinnuskilyrði

Sveigjanleiki

Ímynd

Sjálfstæði í starfi

Ánægja og stolt

Jafnrétti

Niðurstöður

Styrkleikar

Víkurskóli skorar hátt í heildarmati í Könnun ársins og er yfir öllum viðmiðunarhópum sem eru Reykjavíkurborg, Skóla og frístundasvið, Austurmiðstöð og Austurmiðstöð grunnskóla.

Styrkleikar Víkurskóla eru í stjórnun, starfsanda, sveigjanleika í vinnu, ímynd, ánægja og stolt og í jafnrétti - þar erum við yfir 4.

Launakjör og vinnuskilyrði er þar sem Víkurskóli er undir 4, launakjör eru samkvæmt samningi KÍ en vinnuskilyrði er hægt að bæta.

Tækifæri til umbóta

Launakjör og vinnuskilyrði er þar sem Víkurskóli er undir 4, launakjör eru samkvæmt samningi KÍ. Vinnuskilyrði er hægt að bæta svo sem tölvu og tækibúnað, lýsingu, loftgæði og hljóðvist.

Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Annað hvert ár leggur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fyrir kannanir til foreldra barna sem sækja grunnskóla borgarinnar um skólann og þátttöku í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Tilgangur kannananna er að gefa ykkur foreldrum tækifæri til að koma upplifun ykkar og skoðunum á starfinu á framfæri en jafnframt að veita okkur mikilvæga innsýn í mat ykkar á starfinu, hvað er verið að gera vel og hvar er hægt að gera betur. Könnunin var lögð fyrir í apríl og Vísar ehf sáu um fyrirlögninga.

Þættir sem spurt er um eru eftirfarandi:

Barnið og Líðan

- Samskipti mín við starfsfólk um líðan og hegðun barnsins eru góð
- Barninu mínu finnst það vera öruggt í skólastarfinu
- Barnið mitt fær góðan stuðning frá kennurum sínum
- Barninu mínu er mætt með sanngirni í skólastarfinu
- Barnið mitt fær góðan stuðning frá öðru starfsfólki skólans
- Í skólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins
- Agi í skólanum er góður
- Skólinn tekur fljótt og vel á stríðni og einelti

Nám og kennsla

- Barnið mitt er áhugasamt um að læra í skólanum
- Barnið mitt er hvatt til þess að leggja sig fram í náminu
- Barnið mitt tekur stöðugum framförum í náminu -
- Ég fæ góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins með reglubundnum hætti
- Ég hef tekið þátt í að setja barninu markmið í námi -
- Heimanám barnsins hefur skýr markmið og er vel skipulagt

Stjórnun skólans

- Ábendingar mínar eru teknar til greina
- Ég get mælt með skólanum við aðra foreldra
- Ég þekki stefnu og gildi/einkunnarorð skólans -
- Skólanum er vel stjórnað
- Skólinn/kennarinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum
- Það er gott upplýsingaflæði um skólastarfið
- Þegar á heildina er litið er ég áængð(ur) með skólann -

Niðurstöður

Styrkleikar

Almennt kemur foreldrakönnunin vel út, erum á ljósgrænu í eftirfarandi þáttum:

Barnið og líðan

Nám og kennsla

Tækifæri til umbóta

Foreldrar upplifa að skólinn leiti ekki til þeirra eftir tillögum og hugmyndum.
Einnig eru niðurstöður í samanburði frá fyrri könnun lakari og þar er tækifæri til úrbóta

Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans

Svið - Nám og kennsla

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Ábyrgð og þátttaka (2.6) Deild Skólinn Ábyrgð ÞÓ	Nemendur fá reglulega tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fundum í námshópum. Náms hópar funda reglulega undir stjórn kennara með skipulögðum og vel undirbúnum hætti.	Festa bekkjarfundir í lífsleiknitíma einu sinni í mánuði í hverjum árgangi. Rýnihópfundir bekkjarfulltrúa allra árganga tvisvar á ári.	30/06/2025		Í vinnslu	Fundargerðir skráðar bæði frá bekkjarfundum og rýnihópum.	Nemendur taka þátt í lýðræðislegum vinnubrögðum og hlustað er á raddir þeirra.
Árangur náms (2.2) Deild Skólinn Ábyrgð ÞÓ	Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína hvað varðar lesfimi nemenda út frá niðurstöðum lesfimiþrófs og matsramma fyrir lesfimi sem gefin er út af MMS.	Nýta niðurstöður lesfimiþrófanna til aðgerða og búa til áætlun fyrir þá sem eru undir viðmiðum í lesfimi. Setja inn lestrarátak í samvinnu við foreldra undir stjórn kennara.	30/06/2025		Í vinnslu	Samanburður á lesfiminíðurstöðum milli prófa hjá þeim sem eru undir viðmiðum.	Að skólinn hafi bætt stöðu sína hvað varðar lesfimi nemenda. Ath niðurstöður og meta hvert skuli stefna ...
Skipulag náms (2.4) Deild Allur skólinn Ábyrgð ÞÓ	Að efla samstarf við nýstofnað foreldrafélag Víkurskóla.	Fundur með skólastjórnendum og stjórn foreldrafélags tvisvar til þrisvar á vetri, þar sem m.a. er farið yfir hlutverk foreldrafélagsins og samvinnuverkefna hverju sinni.	29/06/2026		Í vinnslu	Haldnar eru fundargerðir og starfsáætlun foreldrafélags gerð árlega.	Öflugt samstarf milli heimila og skóla
	Auka við atvinnutengt nám	Efla, í samvinnu við foreldrafélag, aðgengi nemenda að atvinnutengdu námi.	29/06/2026	KB	Í vinnslu	Haldið utan um skráningu á fjölda fyrirtækja sem taka nemendur í atvinnutengt nám.	Fá að minnsta kosti fimm fyrirtæki til að taka þátt í verkefninu.
	Efla samstarf við Borgarholtsskóla.	Halda áfram að fara með námshópa í heimsókn í Borgarholtsskóla og fá kynningu frá þeim inn í skólann.	29/06/2026	KB	Lokið	Heimsóknir í Borgarholtsskóla festar inn í skóladagatal.	Borgarholtsskóli kynnir starfsemi sína fyrir öllum tunda bekk og þeir sem kjósa að kynna sér skólann stendur það til boða.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Fá foreldra til að kynna störf sín í skólanum.	Foreldrar koma með skipulegum hætti með starfskynningar inn í skólann í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa.	29/06/2026	KB	Í vinnslu	Skráð þátttaka foreldra í starfskynningum.	Annað hvert ár eru haldnar starfskynningar þar sem 12 - 16 störf eru kynnt.
	Virka þátttöku á góðgerðardegnum	Auglýsa góðgerðardaginn á hverfissíðunni og í aðskólunum.	29/06/2026	KB	Lokið	Árangur metinn með matsfundi stjórnenda að góðgerðadegi loknum.	Sýnileg þátttaka utanaðkomandi aðila á góðgerðardegnum.

Svið - Stjórnun og fagleg forysta

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Faglegt samstarf og samræða (1.2) Deild Skólinn Ábyrgð ÞÓ	Stjórnendur fylgjast með og sjá um að niðurstöður innra og ytra gæðamats séu skráðar og nýttar til að efla starf skólans og stöðu nemenda.	Festa í fundarplani kynningar á niðurstöðum kannanna sem lagðar eru fyrir nemendur, svo sem Skólaláms, lesfimi og viðhorfskannanir fyrir opnu húsin. Skólaláms kynntur í maí, lesfimi í október og febrúar og viðhorfskönnunin í nóvember og mars. Viðbragðsáætlun við niðurstöðunum samkvæmt lestrarstefnu Grafarvogs í sambandi við lesfimina. Nemendaviðtöl og samstarf við foreldra til að bregðast við viðhorfskönnunum og Skólalámsi.	30/06/2025	KB, KHP, ÞÓ, VNG	Lokið	Samanburður á niðurstöðum á milli ára.	Niðurstöður innra og ytra gæðamats eru skráðar og markvisst nýttar til að efla skólafélag, lesfiminna fylgja lestrarátök eins og við á. Rýnt í niðurstöður Skólalámsins og viðhorfskannanirnar og brugðist við því sem þurfa þykir.